
Sjövörn í landi Skipaness, Hvalfjarðarsveit Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjövörn í landi Skipaness í Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. janúar 2015.



Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 3. nóvember 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða sjónvörn í landi Skipness, í Hvalfjarðarsveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 10 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 17. desember 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. nóvember 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fram kemur að fyrirhuguð sjónvörn mun verða við Grunnafjörð í landi Skipness í Hvalfjarðarsveit. Í vogi vestan við bæinn séu um 2 m háir moldarbakkar sem ört hafi brotið úr undanfarin ár og sjónvörninni sé ætlað að stöðva landrofið. Lengd sjóvarnar verði allt að 200 m og efnisþörfin allt að 1.500 m³ af sprengdum kjarna. Leggja þurfi um 50 m vegslóð frá bílplani, yfir tún, að framkvæmdasvæðinu. Breidd slóðar verði um 4 m og þykkt fyllingar 0,3 - 0,5 m. Grjótfyllingin í sjónvörninni muni ekki verða hærri en landið fyrir innan. Ekki liggja fyrir úr hvaða námu efni verður tekið.

Fram kemur að áhrifasvæði framkvæmdanna sjálfra sé nánasta svæði í kringum akstursleið vörubíla eftir afleggjara frá Þjóðvegi að Skipanesi II og nýrri slóð yfir tún og síðan meðfram sjónvörninni. Sjónvörnin sé á einkajörð og því verði ónæði einkum hjá þeim sem hafi beinan hag að framkvæmdinni en engin truflun fyrir aðra.

Fram kemur að landslagið á framkvæmdarsvæðinu einkennist af moldarkenndri sandfjöru. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði lítil enda muni grjótvörnin ekki sjást nema úr fjörunni neðan hennar og úr allra næsta nágrenni.

Fram kemur að samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar hafi verið framkvæmd aðalskráning fornleifa en samkvæmt henni séu engar fornleifar skráðar í landi Skipanes.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd er innan alþjóðlegs Ramsarsvæðis. Ramsarsamþykktin kveður á um að aðildarríki skuli styrkja vernd votlendis og votlendisfugla með stofnun friðlanda. Vernd Grunnafjarðar tók gildi árið 1978.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Hvalfjarðarsveitar og Umhverfisstofnunar það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram það mat að fyrirhuguð framkvæmd stofni hvorki gróðri né dýralífi svæðisins í hættu en að framkvæmdin muni verja gróinn bakka og sé því jákvæð með tilliti til gróðurverndar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að votlendi í Grunnafirði stafi ekki hættu af framkvæmdinni. Stofnunin telur að þar sem sjónvörnin verður lægri en land ofan hennar verði dregið úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur því að umrædd framkvæmd muni ekki skerða náttúruverndargildi Grunnafjarðar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvörn við Skipanes í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 i í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Neikvæðu áhrif framkvæmdanna verða einkum sjónræn áhrif á þá sem fara um fjöruna eða allra næsta nágrenni, þar sem grjótfyllingin mun breyta ásýnd fjörunnar. Áhrifin verða ekki veruleg. Einnig má gera ráð fyrir nokkru tímabundnu ónæði vegna umferðar vinnuvéla á framkvæmdatíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð sjóvörn við Skipanes í Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. janúar 2015.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson

Skipulagsstofnun